

Centuria Secunda

Efnisþáttur þessi er varðveittur í Lbs 971 4to sem ef til vill var skrifað fyrir eða um 1800 af ókunnum skrifara. *Centuria Secunda* er leiðbeiningarrit eða siðalærdómur og fjallar um helstu vörður á vegi hins kristna manns. Ritið er þýðing á erlendri emblembók.

Kaput. 1^m

Loforð þitt er skynsemdarinnar og viljans barn. Skynsemin er faðirinn en viljinn móðirin. Hann sem heldur loforð sitt lætur móðirina fæða, hinn sem brýtur það drepur barnið. Sé það gjört í fráveru skynseminnar þá er það hörgetið, þó skal barnið uppfæðast. Ef þú ert efasamur um skynsemi þína þá gjörðu ekki neitt loforð. En hafir þú nokkru lofað þá brjóttu það ekki. Það er betra að uppala eitt hörgetið barn en að myrða skilgetið.

Kap. 2

Kærleikurinn er eitt nakið barn sem gefur vænglausri býflugu hunang. Nakið er það því hann er einfaldur og kann ekki að svara fyrir sig. Barn er hann því hann er kræsinn og er að vaxa. Hunang gefur hann því hann er iðjúsamur og vinnur til þess. Vængjalaus er hann því hann er [00...00] nauðpurftigur. Ef [00..00] þvílíkum nei, þá drepur þú eina hunangsflugu. Gefir þú öðrum en þeim sem eru þess háttar þá forsorgar þú eina villibýflugu.

Kap. 3

Áður en þú byrjar nokkra fyrirtekt þá yfirvega þú bæði virðing og háska þess gjörnings. Ef að sæmdin er meira væg en háskinn þá er hugleysi að forsóma það. En ef háskinn yfirgengur sæmdina þá er það athugaleysi að uppbyrja soddan. Hangi metaskálirnar báðar jafnpungar þá lát þína eigin skynsemi gjöra aðra hvörja þeirra mun þyngri.

Kap. 4

Viljir þú vita hvort gjörningur sá er þú æskir að uppbyrja sé viðurkvæmilegur eður ei, þá lát þú þína auðmjúka bæn beiðast Guðs blessunar þar til. Sé það viðurkvæmilegt þá skaltu finna að hjarta þitt hughreystist til þess af bæninni. Sé það óviðurkvæmilegt þá skaltu verða var að þitt hjarta verður efasamt um bæn þína. Sá gjörningur er ekki forsvaranlegur sem maður blygðast við að biðja Guðs aðstoðar til, eður ekki þorir að þakka Guði fyrir, þá gjörningurinn er fullkomnaður.

Kap. 5

Ef að vondir menn tala vel eður góðir menn illa um framferði þitt, þá legg þú sjálfur rannsókn á alla þína gjörninga og trú þú ekki sjálfum þér of vel. En ef að vondir menn tala illa um þig, þá skaltu reikna það þér til virðingar og til þakklætis bevísingar. Þá skaltu elska þá aftur, þó með því móti að þeir skulu áfram halda í því að hata þig.

Kap. 6

Ef þú vonar að geta þóknast öllum þá er von þín forgefins. Ef þú hræðist að styggja nokkurn mann þá er hræðsla þín hégómi. Hófið til þess að þér megi lynda við sjálfan þig, er, að misþóknast ekki þeim sem að góðir menn eru. Og vegurinn til að misþóknast þeim sem góðir menn eru, er sá, að þóknast þeim sem fleiri eru (eru flestir). Kunnir þú að skikka þér svo að þú þóknist öllum, þá vertu viss um að þú misþóknast þeim sem er yfir öllum.

Kap. 7

Ef þú forsómar kærleikann til náungans, þá hrósar þú þér forgefins af elskunni til Guðs. Af elskunni til Guðs fæðist kærleikinn til náungans og af kærleikanum til náungans auðsýnist þín elska til Guðs.

Kap. 8

Einfaldleiki þinn í þeim Guðs leyndardómi sem hann ekki hefur opinberað er móðir til sáluhjálplegrar trúar. Og skilningur þinn [vitund þín] á Guðs opinberuðum sannleika er móðir að heilögum vísdómi. Þú skalt ekki skilja til þess þú kunnir að trúa, en trúa skaltu til þess þú kunnir að skilja. Skilningurinn er laun lifandi trúar en trúin er laun auðmjúkrar vanvisku.

Kap. 9

Drambsemin er apynja kærleikans, það er, hún hermir eftir hönum og að áliti er hún ekki hönum mjög ólík. Þó finnur hún gjarnan uppá að gjöra nokkuð meira. Þegar þú leitar að kærleikanum, þá vaktaðu þig að ekki verði fyrir þér drambsemin. Þau eru tvö samsíða en fylgjast þó aldrei bæði saman. Kærleikurinn fæðir þá fátæku, drambsemin líka svo. Kærleikurinn byggir veikum mönnum heimili, drambsemin líka svo, en í því eru þau ólík. Kærleikurinn gefur Guði dýrðina, drambsemin leitar sér dýrðar af mönnum.

Kap. 10

Ef að þú hefur tapað peningum þínum og syrgir það, annar missti þeirra fyrr en þú fékkst þá, vertu ekki angráður. Kannski ef ei hefðir þú tapað þeim þá hefðu þeir leitt þig í eilífa glötun. Þar fyrir skaltu heldur þenkja um hvað þú hafir umflúið [glötunina] en hvað þú hafir misst (peningana). Máski þú hefðir orðið aldrei svo vel sjálfs þíns ráðandi hefði ekki þínir peningar svo stutta stund undir þínum ráðum verið (peningunum ráðið).

Kap. 11

Þú skalt ei þenkja að þú hafir trúnaðartraust til Guðs ef þig vantar kærleikann til náungans. Og ekki þenkja að þú hafir kærleikann til náungans ef þig vantar trúna til Guðs. Þar sem ekki eru þau bæði til samans þar er hverugt þeirra. Þau eru bæði dauð ef þau aðskiljast nokkurn tíma.

Kap. 12

Vertu ekki of seinn til að láta af syndsamlegri venju. Fljót og snör umræða um slíka hluti er betri en langsöm umþenking. Í þessari orrustu er sá kappinn bestur sem slær frá sér alla vega óttalaust og athugalaust. Athugasemin leitar að afsökunum en óttinn gjörir efasemd. Sá sem vill drepa skrímsli Hydram má heldur höggva einn hálsinn af en fimm höfuðin. Fell þú eikina, þá er hægt að höggva af greinirnar.

Kap. 13

Vertu heldur áhyggjusamur um það hvað þú gjörir en um það hvað auðigur þú sért. Því af auðnum sem þú hefur er ekkert það að þitt eigið sé, heldur vill það allt forlata þig í dauðanum, ellegar þú lætur af að girnast það í þínum sjúkdómi. En það sem þú gjörir er þitt eigið og vill fylgja þér til grafarinnar og annaðhvort mæla með þér eður mót í uppreisunni.

Kap. 14

Elskir þú ekki Guð kærleikans þá kanntu ekki að öðlast Guðs elsku. Og allt svo lengi sem þú hefur ekki öðlast hana, þá kanntu ekki að hafa nokkra eftirlangan til að elska Guð eður smakka hans kærleika. Þín elska til Guðs er ekki annað en einn veikur yllur sem frá þér leggur til hans, þar sem Guðs elska til þín hefur verið þinn innri mann. Á meðan þú finnur ekki til hans elsku á þér kann ekki þín elska hans að þóknast hönum.

Kap. 15

Láttu ekki þinn innmyndunarkraft [hugþótta þinn] stjórna af þínum augum, ei heldur vilja þinn stjórna af hugþóttanum. Máski þín augu verði prettuð af því sem þau sjá og þótti þinn verði blekktur, [skeikiskjálfi] standi á föstum fæti [detti] af því sem hann á um að dæma. Láttu því skynsemi þín ganga á milli augna þinna og hugþótta þíns og láttu hennar dómúrskurð gjöra á millum hugþóttans og viljans. Þá skal þinn hugþótti réttilega skilja hvað satt er og þinn vilji útvelja hvað gott er.

Kap. 16

Legg þú stundan á að þvinga þínar tilhneigingar, bæði þær sem reiðigjarnar eru og þær sem ágjarnar eru. Að þola órétt með hugprúðu geði (sterku geði) er helmingur sigurvinningar. Og að halda sér með öruggu sinni frá vondum ósiðlátum verkum, þeim sem maður hefur lyst á, er annar partur sigurvinningarinnar. Öll dýrð fullkomlegleikans mannanna, sem spekingarnir tala um, er í því fólgin að líða illt og láta af vellystingum.

Kap. 17

Viljir þú ekki vera of fátækur þá girnstu ekki að vera of auðugur. Sá er ekki auðugur sem mikið fé hefur í höndum. En sá er auðigur sem ekki girnist meira en hann hefur. Ekki er sá fátækur sem lítið hefur því hann lætur sér nægja. En sá er fátækur sem girnist of mikið því hann lætur sér ekki nægja það sem hann hefur. Sá sem lætur sér nægja það sem hann hefur, hann líður öngvan skort þess sem hann ekki hefur, því hann girnist það ekki. Þann ágjarna skortir ekki alleina það sem hann ekki hefur heldur og líka það sem hann hefur. Því að hann tímir ei að njóta þess og því er svo sem hann hafi það ekki.

Kap. 18

Útvortis skilningarvitin eru þær stóru almenningshafnir hvar eð sérhvör undirsáti gengur í land til skynseminnar. Eyrað heyrir eitthvört hávaðasamt skvaldur og framfærir það fyrir þann almennilega skilninginn (merkingarkraftinn). Sá almennilegi merkingarkraftur |skilningurinn| gjörir greinarmun á milli þess ýmislega hljóms og færir hann hönum til myndunarkraftsins |hugþóttans|. Innmyndunarkrafturinn |hugþóttinn| uppleitar allar villtar útpýðingar. Skynsemin, sem ásetning hefur til sannleikans, grípur þetta svo sem einn sönghljóm og afhendir það úrskurðarkraftinum. Úrskurðarkrafturinn |dómurinn| bæði sá sérdeilislegi og almenni leggur rannsókn á það og afhendir það viljanum. Viljanum |sem ásetning hefur til hins góða| annaðhvört þóknast það eður þóknast það ei, og minnið teiknar það upp. Svo er því líka háttað um þá aðra skilningana að því leyti sem lýtur til þeirra undirgefnu. Gef þú gætur að þessum tröppugangi |þessari framför| og skaltu auðveldlega finna hvar helst sérhvers gjörnings brestur fólgin liggi.

Kap. 19

Vegurinn til að þvinga alla hluti undir sjálfan þig er að þvinga sjálfan þig undir skynsemina. Þú skalt ráða yfir mörgum ef skynsemin ræður fyrir þig. Viljir þú kórónast til einvaldsherra yfir þeim litla heiminum, þá drottna þú vel yfir sjálfum þér.

Kap. 20

Þó að þú gefir í burt allt það þú átt fyrir kærleikans sakir, og hefur þó eina heimuglega eftirlangan til að behalda því fyrir sjálfan þig, þá forlætur þú það heldur en afsalar þér það. Sá sem forlætur alla hluti, og þó ei sjálfan sig, hefur ekkert forlátið. Sá sem ekki setur sína hjartans þanka til þess sem hann á og hefur, hann forlætur alla hluti, jafnvel þó hann haldi öllu sínu góssi.

Kap. 21

Rannsaka þú sjálfan þig áður en þú tekst á hendur nokkra háa bestillingu. Ef að þú ert tígulegur kóngssalur þá mun sú hin háa virðing eins og sólarinnar geisli gjöra þig enn dýrðlegri. Ef þú ert mykjuhaugur þá kann að vísu sólin á þig að skína en ekki gjöra þig velluktandi. Þinn herra kann að gefa þér heiður en ekki getur hann gjört þig heiðurs verðugan.

Kap. 22

Hvör mann er kóngur í sínu eigin ríki ef að skynsemin stjórnar og tilhneigingarnar standa í hlýðni. Þá merkir það góða stjórn og góðan konung. En ef þínar ósiðlátar tilteygingar drottna, þá sýnir það einn þverskallaðan landráðamann. Ef þú ekki ræður hann af dögum þá vill hann setja þig af. Þar er ekkert efaorð miðvegis á millum landráðamannsins dauða og landherrans lífs.

Kap. 23

Eitt heit, lofan, og ásetningur, horfa öll til hins sama hlutar og aðgreinast einungis að því leyti sem lýtur að persónunum við hvörjar þau eru gjörð. Það fyrsta er millum Guðs og manneskjunnar, annað á millum manns og manns, hið þriðja á

millum manneskjunnar og hans eigin sálar. Þau skuldbinda öllsaman til nauðsynlegrar efningar ef að það sem þau áhræra er að öðru viðurkvæmilegt. En ef það er óviðurkvæmilegt þá snúast þau efalaust til syndar. Öll þau taka þig til fanga. Sé það sem þau áhræra löglegt |sæmilegt| þá hefur efningin frelsað þig. En ef það er ólöglegt þá verður blóð og tár að leysa þig.

Kap. 24

Hafir þú nokkuð sérlegt að sýsla |útrétta, um að vera| sem magt áliggur, þá láttu áhyggju þína vera hóflega og í tíma tekna. Bogi sá sem alltið stendur spenntur verður slakur, en of hart spenntur brestur hann. Legg þú frá áhyggjuna þá þú leggur af þér klæðin. Svo skal þín hvíld styrkja þitt erfiði og þitt erfiði gjöra þér sæta hvíldina.

Kap. 25

Þegar þínar ósiðlátar girndir til forgengilegra vellystinga, blök¹ þú þær með þessu móti. Hugsaðu með sjálfum þér: „Þó að minn herra vildi unna mér allrar þeirrar sæmdar sem hönum sómir að gefa, eður gefa mér allan þann ríkdóm sem hann hefur til að skenkja, þá kynni það ekki hjá mér ófallvalt að blífa, því að það er forgengilegt, ég og ei heldur hjá því, þar ég er dauðlegur“. Svo skaltu í gegnumskoða þínar girndir og yfirvega þær, ásamt því er þær horfa til, og muntu þá annaðhvört meðkenna heimsku þína eður kjósa það sem er skynsamlegra.

Kap. 26

Þú skalt öngva vináttu sérlega binda við þá þrennslags menn, ópakkláta, huglausa og máluga. Ópakklátur virðir einskis þína velgjörninga, málugur getur ekki þagað um þína fyrirætlan en huglaus þorir ekki að forsvara æru þína.

Kap. 27

Æskir þú að tíminn ekki of fljótt líði í burtu, þá gjör þú þér ekki of margar dægrastyttingar. Prettaðu eigi tímann of mjög í burtu. Lífið þitt í vellystingunum

¹ Skrifari hefur fyrst skrifað *þ* en virðist leiðrétta það í ókennilegan staf, gæti verið stórt *B*.

alið liður í burt sem ljós í vindi. Virðinganna stormur eyðir því en hitinn vellystinganna bræðir það. Erfiðir þú í þungu embætti þá láttu þér því síður mislíka þykja fyrir í þá tímarnir líða burt og vertu því sætlegar ánægður þegar dauðinn kemur.

Kap. 28

Guð er fyrstur og síðastur í þeim stóra heiminum. Legg þú alla stundán á að hann megi verða í þeim litla heiminum. Láttu hann vera niðurlag ræðu þinnar á kvöldin og upphaf á morgninum. Láttu hann vera síðastan í þanka þínum á kvöldin þá þú vilt sofa og fyrstan á morgnana þegar þú vaknar. Svo skulu þínir þankar helgir verða á næturnar og skynsemi þín á réttri leið á daginn. Svo skal þín hvíld verða rósamleg, þitt erfiði gagnlegt, þitt líferni guðlegt og þinn dauði sætlegur.

Kap. 29

Útvalning selskapar skaltu vera mjög forsjáll. Í selskap með þínum líkum munt þú hafa mesta lysting en af umgengni við þá sem eru meiri menn en þú skaltu finna mesta gagn. Að vera helstur í samsætinu er vegurinn til að verða verri. Sá besti vegur til að verða betri maður er að vera lakastur í selskapnum.

Kap. 30

Þenktu heldur svo á Guð, sérdeilis í iðkun guðrækninnar, að hann sé gæskan sjálf, almættið sjálft, alviskan sjálf, heldur en að hann sé góður, almáttugur, alvitur. Því að ef hugur þinn grípur að hann sé góður, almáttugur og alvitur, þá vilja strax þankar þínir, sem takmörk hafa, setja vissa mæling á það góða svo sem það væri á sinnilegum undurstöðuhlut. En ef þú þenkir að hann sé stór, þá eru þínar lítilfjörlegar hugrenningar reiðubúnar að gjöra hönum eina begrípanlega mynd. Hugsa þar fyrir, hann að vera svo sem yfir allt fljótandi gæsku fyrir utan enda og innmynda þér hann svo sem eina óbegrípanlega stærð án allrar mælingar.

Kap. 31

Hafir þú og sú hin rétta trú enn ekki fundist, eður og fundist en að þér óvitandi, þá kannt þú að merkja það af þessum kenniteiknum. Fyrst er það ein trú sem

öngva lyst hefur til blóðsúthellingar. Þar næst er það ein trú hvörrar greinir ekki stríða mót bók sannleikans. Í þriðja lagi er það ein trú sem minnst gefur skepnunni heiðurinn og mest eignar hann skaparanum. Þegar þú finnur svoddan trú vertu viss um að það er sú rétta. Meðkenndu hana þar fyrir í lífern þínu og forsvara þú hana til þíns dauðadags.

Kap. 32

Láttu annars tilhneigingar vera skólameistara þinnar skynsemi og láttu skipbrot hans skynsemi vera hafnarmerki fyrir þínar tilhneigingar. Svo skaltu verða styrkur af hans breyskleika, óhultur af hans háska og uppreisa þér hús af hrópun hans byggingar.

Kap. 33

Í þínu allra besta meðlæti skaltu vænta þér mótlætis en vera þó ekki hræddur fyrir því. Komi það ekki, þá situr þú því gleðilegar í farsældum þínum og ertu því betur efldur. En komi það, þá þykir því minna fyrir að skiljast við þá velgengni sem þú haft hefur og ert því betur viðbúinn að taka við mótlætinu.

Kap. 34

Að þú skelfist þegar þú horfir á þínar syndir, því veldur trúin til þess að hún ekki skuli skjálfa. Djöflarnir trúa og skelfast af því sem þeir trúa. Þeirra trú færir með sér skelfinguna en þín skelfing færir með sér trúna.

Kap. 35

Að þekkja sjálfan sig er vegurinn til að þekkja Guð. Svo lengi sem þú sér ekki hvað snauður þú ert, æskir þú eigi ríkur að verða. Sá kann aldrei réttilega að smakka Guðs miskunnarsætleika sem ei hefur smakkað sinnar eigin eymdar biturleika.

Kap. 36

Ef að þér er tilfallin nokkur útvortis sorg af einhverjum stundlegum skaða, þá hugleið þú með sjálfum þér hvört það kunni að uppréttast |endurbætast| eður ei. Kunni það að bætast, þá brúka þú öll þau meðöl og ástundan sem þér sómir til að endurbæta þig, þó svo að framfýsi þín og óhentuglega tilvaldar stundir hindri ei þinn ásetning. Kunni það ekki að endurbætast, svo umber þú með þolinmæði það sem þú kannt ekki með ástundan að upprétta. Sá sem uppá holdlega vísu plágar sína sál fyrir missir forgengilegs ábata, hann kastar niður kjarnanum fyrir það hann hefur týnt nytaskelinni.

Kap. 37

Náttúrleg reiði læðist ogsvo inn í brjóst vitugra manna en hún hvílist í dáranna barmi. Hjá þeim vitugu er það breyskleiki en hjá dárunum er það snilld. Sum reiðin er holdleg, sum er andleg reiði. Sú holdlega reiði lítur til persónunnar en sú andlega til ávirðingarinnar. Reiðist en syndgið ekki. Hann sem alltið er reiður sínum syndum mun sjaldan syndga í sinni reiði.

Kap. 38

Ef að nokkuð mótkast er þér tilfallið, þá líttu með öðru auganu til handarinnar sem það sendi en með öðru auganu til syndarinnar sem það verðskuldaði. Takir þú boðskapnum þakklátlega þá vill sá sem hann sendi afturkalla þann boðskap.

Kap. 39

Þegar þú gjörir illt til þess að gott skuli af því koma, þá er það hið vonda vissulega þitt eigið. Skyldi það bera til að gott komi af því vondu sem þú hefur gjört, þá kemur það góða frá Guði. Þar fyrir, ef þú gjörir illt það sem orðsök skuli verða til góðs, þá leggur þú vandan grundvöll til góðrar byggingar og þénar djöflinum til þess að Guð skuli þér þéna. Þar sem tilgangurinn illt að gera er góð meining, þar verður endingin þess góða vond að síðustunni.

Kap. 40

Vertu jafnlangt frá að girnast kærleik alþýðunnar, svo sem að forskulda hennar hatur. Fordjörfun er fólgin í hvöru tveggju. Kærleikur hennar vill kreista þig til dauðans, hatur hennar vill nista þig til eyðileggingar. Til að umflýja kærleik hennar, varastu að vera ærugírugur til að koma í veg fyrir hatur hennar. Varastu að vera kífsamur (koma illu af stað).

Kap. 41

Þegar þú sér eynd á þíns bróðurs yfirbragði, þá láttu hann sjá miskunn í þínu auga. Því meiri miskunnarolía sem útsteypist á hann af þinni meðaumkan, því meir skal olían í þinni krús vaxa við þína guðhræðslu.

Kap. 42

Les þú ekki bækur alleinasta heldur og menn, og á meðal þeirra einkanlega þig sjálfan. Finnir þú þar nokkuð efasamt, þá brúka þú heldur alvöruhefins vinar útskýring á því, heldur en eins volgs smjaðrara útbýðingu. Það er meira gagn að bitrum sannleika en að svikulum sætleika.

Kap. 43

Haldi nokkur þig svo mikils verðan að hann girnist ásamt með þér að verða nafnkunnur, gjörðu hönum þá æru sem hans standi sómir. Ofmjög skjaldsén að vera, vill gefa þér skuld fyrir drambsemi. En að gjörast of algenginn, skuldar þig fyrir heimsku. Það sem of erfitt er eftir að sækja, tekur huginn frá þeim sem eftir sækir. Og það sem of auðvelt er að fá verður þar fyrir foraktað. Það sem hægt er að vinna er ekki virt nema lítils og tapast snögglega.

Kap. 44

Þegar nú að tímans hentugleiki hefur aukið ykkarn kunningskap, þá vertu forhugsaður og athugasamur að því sem þú talar og velviljugur að því sem þú *<Hér vantar í textann>*. Merk þú vel til hvers hann sé hneigður. Finnir þú hann hreinlyndan, þá gjör þú hann þinn eiginn og gef hönum herbergi í trúföstu hjarta.

Tak þú ekki orð hans of snögg til misþanka og vert ei heldur of óhæverskur í vinskapar umgengninni. Það eina vill stifta óþokkann en það annað foröktun.

Kap. 45

Þegar tilhneigingarnar eru grundvallaðar á lausum innbyrlingum, þá eru þær allsjaldan langvarandi. Þar sem grundvöllurinn er veikur, þar kann byggingin ei lengi að standa. Sá sem reiðist af öllu tilefni, reiðist og vel af öngvu tilefni. Og þegar skynsemin merkir að orðsökin er hégómleg, þá lýsir úrskurðarkrafturinn tilgangurinn sé forgefins.

Kap. 46

Girnist þú að afla þér virðingar með peningum þínum, þá athuga þú fyrst hverninn sá ríkdómur er kominn í þína eigu. Hafi þitt erfiði til hans unnið, þá láttu framsýni þína varðveita hann. Hafir þú fengið hann með ofríki og óréttindum, þá láttu angur þitt og iðran skila hönum aftur. Hafi þínir foreldrar eftirlátið þér hann, láttu þínar manndygðir gjöra sig þess maklegan. Svo skal þín virðing verða því traustari og virðingarútvegurinn því betri.

Kap. 47

Syndin er einn ormakóngur, hvörs augu eru full af eitri. Sjái þinnar sálar augu hana fyrri, þá reka þau hennar eitur aftur á bak og drepur hana sjálfa. En ef hún sér þína sál, svo þú hefur ekki séð hana eður séð hana of seint, þá drepur hún þig með sinni ólyfjan. Með því þá þú getur ekki með öllu sneitt hjá þinni synd, svo láttu ekki þína synd komast hjá því að þú ástundunarsamlega varist hana.

Kap. 48

Ef þú væntir meðhjálp þess manns sem mikilmennska föður þíns hefur upphafið til stórrar virðingar í kóngsgarði, aftur að komast á fót, og verða til sæmdar settur, þá verður þú svikinn. Því að þess meira álit sem þú hefur, þess meira endurminnist hann hvað hann hafi verið. Því að með þínum frama verður hans fyrri þénusta rituð í krónikur og hans dýrð formyrkvuð af þinni mikilmennsku. En hvörninn sem

Þessu er varið, vill hann meta föður þíns velgjörð dauð sem þú eigir að útheima svo sem forþétt laun, heldur en velgjörning sem þú eigir að endurgjalda.

Kap. 49

Forláttu þig ekki uppá þess manns lofan sem gjarnt er að sverja. Því að sá sem þorir að syndga á móti Guði, þar sem hvörgi liggur við gagns von né gaman, hann vill gjarnan brjóta á móti þér, kunni það hönum til nokkurs ávinnings að verða. Sá sem yfirtreður síns föðurs befalningu verður auðveldlega yfirtalaður til að rjúfa sitt loforð við sinn bróður.

Kap. 50

Af því flestu sem þú heyrir nýtt skaltu fæstu trúna, svo að ekki skuli af flestu sem trúir því fæst reynast sannindi. Þar sem lygin innkemur auðveldlega þar kann lyginnað faðir ekki auðveldlega að útilykjast.

Kap. 51

Hugsa þú þig lengi og vel um áður en þú útvelur þér vin. Og þegar þín skynsemi dæmir fylgislaust að hann sé verðugur þinnar vináttu þá taktu á móti hönum með gleði og höndla við hann með forsjálleika. Segðu hönum þín leyndarmál djarflega og blanda geði við hann. Hann er sjálfur þú og brúka þú hann svo. Trúir þú fullkomlega að hann sé þér trúfastur þá gjörir þú hann þar með trúfastan.

Kap. 52

Svo sem þar er enginn stundlegur ábati sem enginn skaði fylgir, svo er þar heldur enginn stundlegur skaði sem ekki fylgir nokkur bót. Hafir þú misst þinn ríkdóm þá ertu þar með frí orðinn frá nokkri mæðu. Sértu afsettur frá þinni virðingu þá ertu þar með frí frá öfund annarra. Hafir sjúkdómur formyrkvað þinn fríðleika, þá hefur hann frelsað þig frá drambsemi. Met þú saman ábatann og skaðann og skal þér ekki finnast neinn skaði sérlega stór. Sá missir lítið sem beheldur sjálfum sér, það er, ræður fyrir sinni sitt í hvörskens tilfellum.

Kap. 53

Sértu ríkur þá legg þú stundan á að ráða fyrir þínum peningum, nema þú viljir þeir skuli ráða fyrir þig. Vitir þú hvörninn þeir skuli brúkast þá eru þeir þínir þénarar, en ef ei, þá ertu þeirra þræll.

Kap. 54

Æskir þú að vera sjálfum þér sem best nýtur [að gagni þarfur], sérdeilis í þeim hlutum sem hugurinn á við að sýsla, þá vertu hófsamur í mat og drykk, iðkaðu mátulegar líkamans hræringar og haf þú vissar hvíldarstundir í tækilegan tíma. Þegar þú hefur útsofið þinn lystasvefn þá stattu upp, því þá er líkaminn best á sig kominn og sinni þitt síst áhyggjumótt. Þá skal ekkert skvaldur trufla eyru þín og ekkert það bera fyrir þig sem frásnúið þínum augum. Ef að þá ekki, upphefur þinn lifandi myndunarkraftur þig yfir þína almennings venjuhæð og sýnir þér ekki ríkdómshirslur hærri uppáfyndinga, þá snú þú aftur til þinnar lötu sængur og dæmdu þar sjálfan þig meir hæfan til að þiggja faðmlög konu þinnar en bera krans Appollinis.

Kap. 55

Sjá þú ráð fyrir dóttur þinni með þeim ektamanni sem hafi sömu trúarbrögð og hún og öngvan ættgengan sjúkdóm hafi. Láttu skynsemd hans ganga yfir hans auðæfi og ættlið hans ekki vera virðingameiri en hans persónu og hans aldur meiri en hennar. Láttu svo börn þín allt annað befala Guðs forsjá. Ef að dótturmaður þinn skikkar sér þá vel, svo hefur þú fundið þér son, en ef ei, þá hefur þú misst eina dóttur.

Kap. 56

Brúkaðu svo meðlætið að mótlætið ei skuli skaða þig. Ef að uggleysið í meðlætinu er óttalaust, þá vill örvæntingin í mótganginum verða vonarlaus. Sá sem í meðlætinu kann að sjá háskann fyrir framan, kann og í mótganginum að sjá frelsunina.

Kap. 57

Hafi þín trú öngvar efagreindir, þá hefur þú skaplega orðsök til að efast um þína trú. Og hafi þínar efagreindir öngva von, þá hefur þú skapliga orðsök til að óttast örvæntinguna. Þar fyrir þegar efagreindir iðka þig í trúnni, þá haltu fast á einni stöðugri von sem kunni að þvinga þínar efagreindir. Svo skulu þínar efagreindir vera frí fyrir örvæntingu, svo skal þín trú vera óhult fyrir efasemi.

Kap. 58

Viljir þú vera rétt hugprúður þá óttast þú að gjöra það nokkuð sem órétt er. Sá sem ekki hræðist að gjöra það sem illt er, hann hræðist alltið fyrir því að líða það sem illt er. Sá sem aldrei óttast er forhertur og sá sem alltið óttast er huglaus. Sá er rétt hugprúður maður sem ekki þorir að gjöra nema það sem hann vel má gjöra og hræðist ekkert nema það sem hönum ber að hræðast.

Kap. 59

Það kann auðveldlega að ske að þú reiðist um stundarsakir, en reiðin má ekki hvíla hjá þér eina nótt. Reiðinnar varanlegleiki verður að hatri og hatursins varanlegleiki verður að vondum ásetningi. Sú reiðin er ekki forsvaranleg sem séð hefur tvær sólir.

Kap. 60

Ef að þú ert sekur í ofríki eður rangindum, eður ranglega hefur í hefð eður haldi það sem annar á með réttu, sjá þú til að þú skilir því aftur fyrr en þú gefir nokkra ölmusu. Annars, hvað ert þú betri en einn þjófur og gjörir Guð að hluttakara og þjófsnaut að stuldi þínum er þú læst í ölmusu gefa.

Kap. 61

Þegar þú biður um andlegar gáfur, þá láttu bæn þína vera fororðslausa. Þegar þú biður um tímanlega blessan þá innsettu það til Guðs velþóknunar hvörtveggja með trú og auðmýkt. Svo skaltu vissulega öðlast það þú biður, eður ogsvo meira eður betra. Aldrei hefur nokkur sú bæn óbænheyrð orðið sem gjörð er réttilega.

Kap. 62

Sá sem gefur allt sitt í burt, þó það ekki sé nema lítið, þá gefur hann mikið því að Guð álítur ekki stærð gjafarinnar heldur efni gjafarans. Sá sem vildi gefa meira enn hann megnar, hann hefur gjört gáfuna jafnstóra viljanum og hefur gefið meira en hann hafði.

Kap. 63

Vertu ekki of óseðjanlegur í girnd ríkdómsins, ei heldur of ákafur í hans leitan, eigi heldur of nærsýnn í hans varðveislu, né of óþolinmóður fyrir hans missir. Það fyrsta vill mæða sálu þína með því að láta sér ekki nægja. Það annað vill taka frá þér líkamans rósemi. Það þriðja vill taka þig fanginn með þínum ríkdómi. Það síðasta vill taka sjálfan þig frá sjálfum þér. Sá sem er of bráðlátur í sínum girndum verður eins í sinni reiði.

Kap. 64

Vertu ekki of lengi að hugsa þig um til að láta af ósæmilegum vana. Þó skaltu forlata hann smásaman eins og hann er innkominn. Of bráðum breytingum fylgir gjarnan háski. Sá sem kollkastar einni veikri byggingu allt í einu, kann auðveldlega að fara með hennar hrapan. Sá sem ofan tekur einn þakstein eftir annan, kann vel að lifa til að uppbyggja betra hús.

Kap. 65

Ef þú girnist þá dýrmætu sáluhjálplegrar trúar gáfu, þá haf þú viðurstyggð á þeim óseðjanlega og fordæmanlega lesti ágirndinni. Það er ómögulegt að eitt hjarta (hvörsu margir smákimar sem í þeim eru) kunni að hýsa þær báðar. Trúin skenkir þér það sem þú ekki hefur, ágirndin tekur frá þér það sem þú hefur. Þú kannt ekki Guð að þjóna nema Mammon sé þinn þræll.

Kap. 66

Gull er keisarans liggjandi fé, manneskjan Guðs. Þitt gull hefur keisarans mynd og þú hefur Guðs mynd. Gef þar fyrir keisaranum hvað keisarans er og það Guði hvað Guðs er.

Kap. 67

Í vondum athöfnum óttastu öngvan svo mikið sem sjálfan þig. Hvör annar er ekki nema eitt vitni á móti þér. Þú sjálfur ert þúsund. Þú kannt að forðast annan en ekki sjálfan þig. Vondar athafnir eru sitt eigið straff.

Kap. 68

Í klæðabúnaði þínum skaltu varast alls kyns afbrigði, ofurðaðugheit og yfirlæti. Vertu ekki of fljótur í búningsbreytni, ekki heldur of seinn. Skikkanlegleiki er meðalvegurinn á millum hofmóðsháttar og hirðuleysisins. Líkaminn er skelin á sálinni, klæðin er börkur á skelinni. Börkurinn gefur oft til vitundar hvaða kjarni sé innanundir.

Kap. 69

Gættu þín fyrir hönum sem seinþreyttur er til reiði. Reiðin sú sem seinlát er í komunni er þess sterkari þegar hún kemur og varir þess lengur. Það vanbrúkaða langlundargeð verður að grimmd. Þegar reiðin kemur af lausum hugþóttu, þá linar skynsemin, sem þankana stillir, reiðina. En þegar skynsemin er orðsök til reiðinnar þá er minnið skrifarinn.

Kap. 70

Sá sem meðkennir opinberlega sig að vera þinn fjandmann, hann vopnar þig á móti því illa sem hann hefur í sinni við þig. En hann sem með smjaðurlátum læst vera þinn heimuglegur vinur, slær þig alls óforvarað og særir þig svo ei má græða. Frá þeim sem fyrr var nefndur, það er hönum sem heitast við þig, máttu vel vara þig sjálfur. En frá þeim sem síðar var nefndur, þeim er smjaðrar annan, varðveiti þig sá góði Guð.

Kap. 71

Hafir þú órétt gjört bróður þínum í þönkunum, þá forlíka þig við hann með þönkum. Hafir þú styggt hann með orðum þá forlíka þig með orðunum. Hafir þú misgáð þig á móti hönum með gjörningunum, þá bættu fyrir þig aftur með gjörninginum. Það er sú réttasta forlíkun sem skeður á sama hátt sem yfirsjónin.

Kap. 72

Ekkert að gefa þeim fátæka er að taka frá hönum, og ekki að seðja þann hungraða [ef þú annars hefur það til] er að gjöra þína frekustu ástundan til að myrða hann. Þar fyrir, svo þú kunnir að vera saklaus, bæði af kirkjuráni og morði, þá vertu miskunnsamur.

Kap. 73

Svo oft sem þú minnst þinna gjörðra synda, svo þig angra þær ekki, svo oft drýgir þú þær upp aftur með því að þú ekki grætur fyrir þær. Sá sem ekki vill láta sig angra sínar gjörðar syndir, hann gefur festipeninga út uppá það hið vonða sem hann ásetur að fremja. Ekkert kann að slökkva þann eld sem syndin hefur uppkveikt, utan alleina það vatn sem rétttrúuð iðran hefur út ausið.

Kap. 74

Sjá þú vel fyrir áður en þú stökkur upp í nokkurt hátt sæmdarsæti. Því hærra sem þú klifrar því djúpara fellur þú. Ef mannkostir frama þig, þá skulu mannkostir forsvara þig. Ef gull eður gunst upphefur þig, þá er þinn heiður ekki nema með einum nálþræði festur uppá lukkunnar hjól. Þegar hjólið veltist um þá fellur þinn heiður og þú verður eitt ævinlegt minnisteikn af þínum eiginn ærugíruga dáraskap.

Kap. 75

Vér erum fæddir með vorum breyskleika. Stundum framknýr náttúran oss til þess sem illt er, stundum uppvekur hún oss til þess sem gott er. Ef þú gefur henni meiri taum en hún á rétt til, þá fæðir (elur) hún þér úlfa. Gefir þú henni minni taum en

hún megi stillast með, þá fælir þú góðan vin og spillir. Meðalhófið kann að afstýra hvörutveggju.

Kap. 76

Ef þér ekki þykir athlægis vert að þéna lauslætinu í ungdómi þínum, þá vill skírlífinu þykja þénusta þín athlægis verð í aldurdómi þínum. Og hvað sem broddur lífs þíns hefur ekki viljað reikna fyrir synd í framferðinu, það kunna ekki forföll þíns gráhærða aldurs að reikna þér til mannkosta, þótt þá haldir þú þig frá því. Þar sem ekkert stríð er þar kann enginn sigurvinning að vera og hvar enginn sigurvinning er þar er enginn heiðurskrans á höfði.

Kap. 77

Þú verkaðir ekkert til sköpunar þinnar, því þú ert skapaður þínum til heiðurs. Ei heldur til þinnar endurlausnar því hún kostaði blóð. Þar fyrir vill ekki skaparinn gjöra þig sáluhólpinn fyrir utan rétta og stöðuga trú á endurlausnarans dauða og blóði.

Kap. 78

Hvenær sem að tunga þín og hjarta ei eru samþykkt í játningunni, þá er játning þín ekki samþykkt við Guðs velþóknan. Sá sem játar með tungunni en ekki með hjartanu er annaðhvört hégómamaður eður einn smjaðrari. Sá sem hefur játningina í hjartanu en ekki í munnum er annaðhvort einn drambsemdarmaður eður einn hugleysingur.

Kap. 79

Láttu þínar forlystingar, dægrastytting og skemmtanir vera sæmilegar, hófligar, hagkvæmar og lofligar, helst með líkamans hræringu og íþróttum, ef að líferni þitt hefur hlotið það erfiði sem í sessi gjörist. En ef ei er svo, þá skal skemmtan þín leggja sig til sinnisins og hugarins endurlífgunar forlystinganna, og dægrastyttingarinnar rétta tíðkan er að styrkja þig í erfiðinu og láta hvíldina verða þér sæta.

Kap. 80

Vertu ekki of fljótráður að dæma því þú veist ekki hvörn þú dæmir. Það er minni misgáningur að tala vel um einn vandan mann, heldur en að tala illa um einn góðan mann. Og betra er að þinn dómur fari villt af einföldum kærleika heldur en af öfundsjúkri skynsemi. Sá hefur helst orðlof til að ámæla öðrum sem ekkert hefur það á sjálfum sér er aðrir kunni að ámæla.

Kap. 81

Vara þú þig vel í allri þeirri sæmd sem þínir peningar hafa útvegað þér, því að hvörki er hún langgæð né þín eigin. Hvað sem peningarnir útvega, það eiga peningarnir að varðveita. Þegar ríkdómurinn forgengur þá forgengur sæmdin. Það er ekki nema sleip farsæld sem ríkdómurinn kann að gefa og ógunstin kann í burt að taka. Og ekki er það vert að eiga (í slíkum hlutum) sem einn nætureldur kann að smelta eður eitt ólgufullt haf kann að drekkja.

Kap. 82

Ef þú fer leitandi eftir einhvörju því sem eigi skuli þig síðan iðra, þá ertu á góðum vegi til farsældarinnar. Hafir þú öðlast það, þá hefur þú gjört góða reisu. Sá heitir ekki farsæll sem öðlast allt það hann óskar, en sá er farsæll sem ei æskir sér nema þess sem gott er. Kunnir þú ekki að gjöra það sem ei þurfir þú að iðrast, þá að minnsta kosti stundaðu til að láta þig angra hvað þú hafir neyðst til að gjöra.

Kap. 83

Þá þú eyðir hundrað árum í heimsins bestu vellystingum og síðan öðrum hundrað árum og leggir svo þúsund ár við þau sem eydd eru og síðan aftur tíu þúsund ár, þá skal vissulega það síðasta enda taka, svo sem það fyrsta hefur enda tekið, og skal allt saman uppsvelgjast með eilífðinni. Sá sem fæddur er í dag er ekki viss um að hann skuli lifa einn dag. Sá sem hefur lifað allra lengst er viðlíkur þeim sem fæddur var í gær. Þess eina farsæld er það, að hann hefur lifað hins annars að hann muni lifa mega, en beggja hlutfall er að efalaust skuli þeir deyja. Það er engin farsæld að lifa lengi og engin ólukka að deyja ungur. Sá er farsæll sem nógu lengi hefur lifað til að deyja vel.

Kap. 84

Gáðu vel að hvörjum þú gefur og hvörnin þú gefur. Sá sem gefur þeim sem ekki vinnur til þess, missir það hann gaf og forræður gjafarann. Sá sem gefur þeim sem þess er maklegur, gjörir marga sér skylduga og ávinnur í því að hann gefur. Sá sem gefur til að ávinna sitt eigið gagn, gjörir sína gáfu að mútu og þann sem þiggur að fanga. Sá sem gefur oft, kemur þeim sem þiggur að launa einhvörju, og sýnir að gjafarinn hefur þrálátt traust á hönum.

Kap. 85

Hefur nokkur gjört þér órétt, hefndu þín kallmanlega á þennan hátt. Aktaðu það einkis og nú er hefndin byrjuð. Fyrirgef þú það og þá er hefndin fullkomnuð. Sá er undirgefinn tilhneigingum sínum sem ekki ræður yfir einni misgjörð.

Kap. 86

Láttu ekki þína bræðis vandlæting stóryrða þitt barn, svo að þú ekki spáir því sínum forlögum. Láttu ekki þína tungu formæla því, svo að formælingin eigi snúi sér til baka aftur þangað sem hún kom frá. Formælingar sem gjörast í staðinn fyrir blessanir rekast aftur til baka með tvöföldum hefndum.

Kap. 87

Í þeim öllum kirkjusiðum sem bæði mega gjörast og ógjörðir látast, skaltu haga þér eftir siðum kirkjunnar þar sem þú ert. Siðlætisins og einingarinnar Guð, sem skapaði bæði sál og líkama, væntir einingar af henni og siðseminnar af báðum.

Kap. 88

Láttu þína guðlega föstu vera viljugt fráhald, ekki svo mjög frá kjöti sem frá holdlegum þönkum. Sú fastan þóknast Guði, sem gefur öðrum það er þú neitar sjálfum þér, og þegar þvingun þíns eigin líkama er þíns bróðurs endurnæring. Sá fastar réttilega sem heldur sér frá líkamans eftirlæti sorglega, syrgir alvarlega, gefur viljuglega og fyrirgefur kærlega.

Kap. 89

Þegar þú heyrir Guðs leyndardóma, þá þegi þú aldeilis. Fimm orð kostuðu Sacariam kennimann 24 vikna málleysi. Í soddan djúpum hlutum láttu þínar spurningar snúast til forundrunar, og láttu þér vera það nóg að orðsök slíkra furðuverka er almætti þess sem þau gjörir.

Kap. 90

Hlæ þú ekki að hönum sem hin lausláta veröld kallar skinhelgan, svo þú ekki hneykslir nokkurn af þeim smáu. Ef hann er augnaþénari þá mun Guð, sem þekkir hann, launa hönum. Ef hann er vandlætingasamur fyrir Guðs heiður þá mun Guð hefna fyrir hann. Ef hann er góður maður þá er hann góður Guði til heiðurs. Ef hann er vondur maður þá láttu hann verð vandan uppá hans eigin kostnað. Sá sem dæmir aðra skal sjálfur dæmdur verða.

Kap. 91

Svo lengi sem þú ert vanvitugur þá skammastu þín ekki að læra. Sá sem er svo dárlega einarðarlaus að hann ekki vill meðkenna sinn eigin vitsmunabrest, vill með tíðinni verða svo mjög blygðunarlaus að hann vill þá forsvara sína eigin vanvisku. Vanviskan er stærst af öllum breyskleika og þegar hún er tekin í forsvar þá er hún fremst af öllum dárastykkjum.

Kap. 92

Ef að þú ert þénari, þá gjör þú húsbónda þínum þau sömu skil sem þú æskir þinn þénari skuli gjöra þér, þegar þér er nokkuð skipað. Vertu hlýðugur þegar þér ekkert er skipað, vertu framsýnn. Láttu ástundanina vera þína sæmd og trúskapinn þína kórónu. Láttu virðing húsbónda þíns vera þína áhyggju og hans velferð þína ánægju. Láttu þitt auga einfalt vera og þitt hjarta lítillátt. Varastu drykkiskap svo þú kunnir að sjá vel fyrir þínum hag. Sá sem ódrukkinn ekki ræður sér sjálfur, hvör mun ráða hönum þegar hann er drukkinn. Vertu hvörki of þráttunarsamur né of hégómlegur. Það eina sýnir óeirðar sinnislág, það annað atorkulausan heila. Einn góður þénari er einn mikill húsbóndi.

Kap. 93

Láttu grundvöll þíns kærleika vera mannkostina. Gjörðu síðan bygginguna svo ríkmannlega og dýrlega sem þú kannt. Ef að grundvöllurinn er álitsfegurð eður ríkdómur og yfirbyggingin mannkostir, þá er grundvöllurinn of veikur fyrir bygginguna og mun hún hrynja. Sá er sæll hvörs ununarsalir eru grundvallaðir á mannkostunum, uppmúraðir með ríkdómi, prýddir með allskyns fegurð og þaktir með hárri virðingu.

Kap. 94

Ef þín móðir er ekkja þá gefðu henni tvöldan heiður, þar sem hún veitir þér forstöðu beggja foreldranna embætti. Minnstu hennar 9 mánaða byrðar og þess 10da sáru neyðar. Gleym þú ekki hennar meðaumkan þegar þú lást á hennar brjósti. Endurminnstu hennar bæna fyrir þér áður en þú komst í veröldina og hennar umhyggju fyrir þér þegar þú varst kominn í veröldina. Minnstu hennar heimuglegra andvarpana, hennar elskutára, hennar óværa svefns, hennar ótta um daga og hræðslu á næturnar. Hjálpa þú hennar vanefnum, skýl þú hennar brestum, hugga þú hennar aldurdóm, og þá vill maðurinn ekkjunnar [það er Guð almáttugur] vera faðir þess föðurlausa, sem þú er.

Kap. 96

Svo framt sem þú æskir þér Guðs og manna vináttu, þá varaðu þig fyrir drambseminni. Hún er eitt graftarmein í þínum huga sem grefur út og eitri blandar alla þín gjörninga. Hún er einn ormur í öllu þínu liggjandi fé, sem uppétur og fordjarfar alla þína megan. Hún elskar öngvan mann og hana elskar enginn. Hún lastar annarra mannkosti með bakmælgi. Hún firrir góðgirndina sínum launum með fánýtri virðingu. Hún er smjaðrarans vinur, öfundarinnar móðir, ofsamenskunnar ama, ofurdádugheitanna ráðskona til að selja skækjur. Hún er sú merkilega synd andskotans og andskotinn sjálfur í mannskepnum. Hún hatar sinn yfirmann, foraktar sinn undirmann, þekkir öngvan sinn líka, og næst því að segja, allt þangað til þú hefur andstyggð á henni hefur Guð andstyggð á þér.

Kap. 97

Skikka þú þér svo á meðal barna þinna að þau kunni bæði að elska og heiðra þína nálægð. Hafðu öngvan gálaskap í frammi því að þá óttast þau þig ekki. Vertu þeim ekki of harður því að þá óttast þau þig of mikið. Of mikil selskapsjafningjalæti gjörir þau of djörf, of lítil ástsemi tekur frá þeim þeirra glaðlyndis kviklæti. Skikkaðu sjálfum þér svo að þau heldur hræðist fyrir þinni þykkju en fyrir straffinu. Þegar þú agar þau láttu það ske í rétta tíð. Þegar þú straffar þau þá gjörðu það ekki í bráðræðis vandlætingu. Svo sem eitt skynsamt barn gjörir sinn föður farsælan svo gjörir einn skynsamur faðir barn sitt farsælt.

Kap. 98

Þegar hönd þín hefur gjört nokkurt gott verk, þá ráðslaga þú við þitt hjarta hvört það sé vel gjört. Efnið í góðum verkum er gjörningurinn sjálfur, þá hann er skenn. En eðlisháttur góðra verka er aðferðin með hvörri þau gjörast. Af efninu fær einhver annar huggun en þú virðingu. Af eðlisháttunum góða verksins hefur þú huggun og Guð virðinguna. Það verkið er illa gjört sem Guð á öngvan hlut í.

Kap. 99

Viltu erfa himnaríki, ráðslagaðu ekki við þína formegan. Himnaríkis herfang er allt það þú átt. Rannsaka þú ekki hvað þú átt heldur hvað þú ert. Gef þú sjálfan þig, þá hefur þú keypt himnaríki. Ef þinn eigin óverðugleiki er þér að ótta, þá offra þú sjálfum þér og þá ertu dýrmætur.

Kap. 100

Fuglarnir í loftinu deyja þér til uppheldis. Dýrin á jörðunni deyja til að metta þig, fiskarnir í hafinu deyja til að fæða þig, maginn á oss er þeirra almenningsgröf. Ó, þú góði Guð, af hvað margra skepna dauða er vort auma líf saman klastrað? Hvörsu er þetta vesæla líf vort, sem erum forgengilegar mannskepnur, alla vega fullt af dauðanum.